

Félag lóðarhafa Kiðjabergi

Ársskýrsla 2020



Skýrsla stjórnar FLK fyrir 2020

Aðalfundur Félags lóðarhafa Kiðjabergi (FLK) var haldinn 25. febrúar 2020 þar sem stjórn félagsins var kosin. Í henni eru Snjólfur Ólafsson, formaður, Nanna Viðarsdóttir, ritari, Kristín Eysteinsdóttir, gjaldkeri og varamenn eru Hlín Ástþórsdóttir og Gunnsteinn Sigurðsson. Varamenn eru alltaf boðaðir á stjórnarfundi.

Sóttvarnarreglur vegna covid-19 settu að sjálfsögðu svip á starfsemi félagsins. Hin árlega góugleði hafði verið auglýst 14. mars 2020, en henni var aflýst vegna ástandsins. Reyndar stendur félagið að jafnaði aðeins fyrir tveimur atburðum árlega, aðalfundi og góugleði, en tekur auk þess þátt í hreinsunardegi/vinnudegi í maí sem haldinn er af golfklúbbum. Stjórnarfundir voru flestir Zoom-fundir.

Stjórnin vann á tímabilinu að ýmsum málum, bæði reglubundnum störfum og sérstökum verkefnum. Meðal reglubundinna verkefna má nefna innheimtu árgjalda og uppfærslu félagaskrár. Breytingar á eignarhaldi geta til dæmis haft í för með sér alls kyns vesen, en stjórnin gerir sitt besta til að hafa allar nauðsynlegar upplýsingar um lóðarhafa sem réttastar. Fjármál félagsins eru í góðu horfi eins og kemur fram í ársreikningni félagsins.

Á aðalfundi 2019 var samþykkt að hefja endurbætur á þeim vegum í Kiðjabergi sem ekki var lagt bundið slitlag á og vinna það verkefni á 3-4 árum. Annar áfanginn var unninn síðsumars 2020 og voru þá lagfærðir flestallir botnlangar norðan vegarins að Arnarbæli. Eftir standa einkum afleggjarar sunna vegarins að Arnarbæli og hluti af elsta hverfinu, þ.e. Háabergishverfinu. Auk þess að laga vegina hyggst stjórnin láta laga göngu- og golfbílástígana tvo, en þeir hafa látið verulega á sjá.

Heimasíða félagsins, kberg.is, var opnuð 9. september 2020. Markmiðið er að þar séu aðgengilegar helstu upplýsingar varðandi FLK og annað sem lóðarhafar og aðrir kunna að hafa gagn eða gaman að. Á henni eru meðal annars fundargerðir og samþykktir félagsins. Þetta er jú í takt við tímann þar sem stöðugt fleira verður rafrænt. Í þessum dúr þá hafa upplýsingar fyrir sumarhúsaeigendur á vef sveitarfélagsins hafa einnig verið stórbættar.

Lengi hefur staðið til að koma fyrir skilti með korti af sumarhúsasvæðinu hjá gámasvæðinu. Í ljósi tæknivæðingar var það mat stjórnar FLK að þörf fyrir kort hefði minnkað verulega og að réttast væri að leggja áætlanir um skilti til hliðar. Seint á árinu 2020 gerðist það líka að sveitarfélagið fjarlægði gáma af gámasvæðinum samhliða því sem grenndarstöð var opnuð á móts við afleggjarann að Hraunborgum, þar sem var gámasvæði.

Snjómokstur fyrstu mánuði ársins var í höndum Jóhanns Friðbjörnssonar eins og undanfarin ár. Hann ákvað að hætta að veita þessa þjónustu og í framhaldi af því sömdu FLK og Hestur við Baldur Sigurjónsson hjá Suðurtaki um að sjá um snjómokstur veturinn 2020-2021. Hins vegar þurfti ekkert að moka snjó síðustu mánuði ársins 2020.

Hitaveitan er alfarið á vegum sveitarfélagsins (GOGG). Hiti og þrýstingur hafa ekki verið í samræmi við væntingar og valdið sumum lóðarhöfum vandræðum. Samkvæmt áætlun sveitarfélagsins á að vera búíð að bæta ástandið fyrir veturinn 2021-2022.



Snjólfur Ólafsson
Nanna Viðarsdóttir
Kristín Eysteinsdóttir

**Ársreikningur fyrir Félag lóðarhafa Kiðjabergi,
kt. 510795-2539, fyrir árið 2020**

Áritun stjórnar

Stjórn Félags lóðarhafa Kiðjabergi hefur samþykkt ársreikning
félagsins árið 2020

Júní 2020



Snjólfur Ólafsson

Nanna Viðarsdóttir


Kristín Eysteinsdóttir

Áritun skoðunarmanns

Ég hef farið yfir ársreikning Félags lóðarhafa Kiðjabergi og geri engar
athugasemdir við reikninginn

Júní 2020


Hjörleifur B. Kvaran

Félag lóðarhafa Kiðjabergi

Rekstrarreikningur 2020

	2020	2019	2018
Tekjur			
Árgjöld: lóðir með vatni 99 x 43.000	4.257.000	4.515.000	4.305.000
Lóðir án vatns 29 x 34.000	850.000	1.020.000	990.000
	5.107.000	5.535.000	5.295.000
Vaxtatekjur	121.928	442.772	441.254
Innheimtutekjur	41.411	147.784	6.420
Ýmsar tekjur	14.635		
Heildartekjur	5.284.974	11.660.556	11.037.674
Gjöld			
Bankakostnaður	37.854	13.282	21.555
Fjármagnstekjuskattur	26.824	97.410	97.076
Góugleði			39.000
Eftirlitsgjald Heilb.Selfoss/ Vatnsveita	27.113	26.438	35.463
V. aðalfundar þjónusta, veitingar, salur	29.250		73.345
Kostnaður vegna vinnudags, veitingar			37.400
Jónsmessa tónlist		70.000	55.000
Landsamband sumarhúsaeigenda	150.000	150.000	150.000
Lögfræðiþjónusta Motus		29.468	27.156
Prennhyllki, pappir+ endursk	5.600		6.790
Rafmagn vegna vatnsdælu	1.127.218		428.981
Viðhald Vatnsdælu		38.725	
Rarik Orkusalan vegna myndavélar	33.166	46.321	44.942
Snjómokstur Stuðlar	1.306.960	675.800	475.840
Vegaframkvæmdir Suðurtak	4.543.712	2.797.398	3.000.000
Ýmislegt-merking	121.331		22.500
Vatnsveita: verðbætur	422.078	407.760	428.227
Afskriftir 5%	750.000	750.000	750.000
	8.581.106	5.102.602	5.693.275
Tekjur umfram gjöld	-3.296.132	6.557.954	5.344.399

Félag lóðarhafa Kiðjabergi

Efnahagsreikningur 31.12.2020

	2020	2019	2018
Eignir			
Vatnsveita	9.434.416	10.184.416	10.934.416
Bankareikningur / vegasjóður	576.639	574.482	3.513.045
Bankareikningur / árgjald	12.697.291	16.676.838	13.483.992
Veltureikningur	87.739	2.069.009	149.338
Útistandandi árgjald		0	74.000
Eignir alls	22.796.085	29.504.745	28.154.791

Skuldir og eigið fé

Skuldabréf M.H.	5.410.472	6.923.000	8.496.000
- v/gjalddaga 2019		1.900.000	0
Skuldir alls	5.410.472	8.823.000	8.496.000

Eigið fé 01.01.2020	20.681.745	19.658.791	19.609.392
Tekjur umfram gjöld	- 3.296.132	1.022.954	49.399
Eigið fé	17.385.613	20.681.745	19.658.791

Skuldir og eigið fé samtals	22.796.085	29.504.745	28.154.791
------------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------